



Dagsetning: 6. Ágúst 2021

Efni: Umsögn deildarstjóra tæknideildar og bæjarstjóra

Höfundur: Árman V. Sigurðsson og Elías Pétursson

Málsnr. 2106026

**Málefni: Umsögn vegna erindis Hestamannafélagsins Gnýfara dags. 30 maí 2021**

- Tjón vegna yfirborðsvatns  
Eins og fram kemur í erindi Gnýfara þá voru miklar leysingar á tímabilinu 15-20 mars 2021. Ekki var búið að moka útræsin tvö við Kleifarveginn þegar þetta átti sér stað en þau eru mokuð á hverju vori til þess að leysingavatn eigi greiða leið af svæðinu. Umrætt svæði er lágt og tiltölulega lárétt og því erfitt að veita vatni af svæðinu. Þau ræsi sem eru til staðar hafa verið hæðarmæld og ekki er hægt að lækka þau enn frekar. Lagt er til að svæðið verði hæðarmælt í heild sinni með drónaflugi og þannig athugað hvort hægt sé að bæta við skurðum/ræsum til þess að afvatna svæðið betur.
- Deiliskipulag fristundasvæðis vestan Óss í Ólafsfirði  
Ekki hefur verið sett upp skilti með umgengisreglum fyrir mótorcrossbrautir á svæðinu. Lagt er til að sett verði upp skilti í samráði við Vélsleðafélag Ólafsfjarðar þar sem opnunartímar og umgengisreglur fyrir svæðið eru auglýstar.
- Frágangur efnisnámu og svæðis þar í kring eftir gerð Héðinsfjarðarganga Frágangi á námunni er ekki lokið og er enn verið að nýta efni af svæðinu. Fjallabyggð hefur verið að nýta efni af svæðinu munu verktakar sem unnið hafa fyrir Fjallabyggð ganga frá því samhliða. Lagt er til að gerðir verði skurðir til þess að veita umræddum lækjum í skurði austan við námuna.
- Mokstur á reiðvegum  
Mokstur að hesthúsum er í síðasta forgangi samkvæmt snjómokstursplani. Bæjarverkstjóri stýrir mokstrinum og ég tel að best væri að það sé hringt í hann og óskað eftir mokstri þegar það þarf. Það er alls ekki svo að við viljum ekki moka heldur vilja þessir staðir sem eru í síðasta forgangi og gleymast.
- Hæðarmæling á svæðinu vestan Óss  
Meðfylgjandi er kort með hæðarmælingu af svæðinu. Þar sést að hæð svæðisins í kringum reiðskemmuna er í kóta á milli 2,0 og 3,0. Svæðið er almennt mjög flatt og ef bæta á ræstingu af svæðinu þá er eina leiðin til þess að grafa fleiri skurði og passa upp á að halda þeim opnum fyrir leysingar. Rýna þarf betur í mælinguna og verður tillaga að lengingu/fjölgun skurða lögð fyrir bæjarráð.

Fjallabyggð  
Deildarstjóri.  
tæknideildar

Árman Viðar Sigurðsson  
Deildarstjóri tæknideildar